



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 23. september 2020 varðandi eftirfarandi mál.

Laugavegur sem göngugata

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að nýju deiliskipulagi fyrir Laugavegin sem göngugötu, 2. áfanga, sem er í samræmi við samþykkt Borgarstjórnar Reykjavíkur frá 4. september 2018. Í tillögunni felst að hluti Laugavegs og Vatnsstígs verða gerðar að varanlegum göngugötum og samhliða því er unnið að hönnun ýmissa lausna til að bæta götuna og umhverfið. Gert er ráð fyrir að endurnýja allt yfirborð, hellur, gróður, götugögn og lýsingu, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 16. september 2020.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Samþykkt með fjórum greiddum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, Eyþór Laxdal Arnalds, greiðir atkvæði gegn tillögunni og fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Hildur Björnsdóttir og Katrín Atladóttir, sitja hjá. Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun: Tillagan er í samræmi við samþykktu stefnu borgarstjórnar frá september 2018 um að gera Laugavegin að varanlegri göngugötu allt árið. Hér er verið að samþykkja áfanga 2 sem er frá Klapparstíg að Frakkastíg. Tillagan gerir ráð fyrir auknum gróðri og mun stuðla að bættu umferðaröryggi fyrir gangandi vegfarendur sem fara um svæðið. Við fögnum þessum áfanga.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun: Nýtt Laugavegsstrið er í uppsiglingu og enn á að þrengja að verslun og öðrum viðskiptum á svæðinu. Nú á að stækka göngugötur allt árið yfir Laugaveg frá Klapparstíg að Frakkastíg auk Vatnsstígs og er þetta hluti þeirra gatna sem flokkaðar voru sem annar áfangi í deiliskipulagslýsingunni. Fyrir skömmu birtust auglýsingar þar sem sagði: "Staðan í miðbæ Reykjavíkur er ískyggileg. Laugavegurinn, sem áður var aðalverslunargata bæjarins, hefur á örskömmum tíma orðið að draugagötu fyrir tilverknað borgaryfirvalda." Félagfundur Miðbæjarfélagsins í Reykjavík mótmælti einnig harðlega árásum í formi götulokana á rekstraradila og að þær hafi grafið undan atvinnustarfsemi við göturnar og þær feli í reynd í sér eignaupptöku þar sem verslunarhúsnæði verður illseljanlegt og hríðfellur í verði. Hátt í 40 rými eru nú tóm við



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Laugaveg, frá Snorrabraut að Bankastræti. Það er því einstaklega ósvífið að halda því fram nú að mikið líf hafi skapast á Laugaveginum síðustu misseri þar sem takmarkanir á bílaumferð hafa gert gangandi og hjólandi umferð hærra undir höfði. Einnig er því hafnað að viðtækt samráðsferli hefur þegar átt sér stað við hagsmunaaðila. Samráð er ekki samráð þegar skoðun eins aðila ræður för og valtrað er yfir aðra. Það heitir einráð og er þar að auki frá stjórnvaldi.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Ekkert af rökum, ábendingum eða tillögum sem hjálpað getur miðbænum að halda lífi hefur náð til skipulagsyfirvalda. Þegar nýr meirihluti tekur við má ætla að flestum þeim aðgerðum sem ekki eru óafturkræfar verði snúið við. En enn eru tvö ár í það. Eins mikið og göngugötur eru skemmtilegar, sér í lagi þær sem aðgengi að er gott og allir geti komist á þær án tillits til hreyfifærni þá eru þessar gerðar í óþökk meirihluta fólks. Sérstakur kafli er um Samráð í meðfylgjandi göngum þar sem segir að viðtækt samráð hafi verið haft við hagsmunaaðila. Sagt er: "Viðtækt samráðsferli hefur þegar átt sér stað. Nú þegar hefur verið rætt við samtök kaupmanna (miðborgin okkar og Miðbæjarfélagið) og Öryrkjabandalíð (ÖBÍ) og mun sú vinna halda áfram í gegnum allt hönnunarferlið".

Eftir því sem fulltrúi Flokks fólksins kemst næst kannast ekki allir þeir sem eru nefndir við að það hafi verið talað nokkuð við þá. Þetta eru því merkilegt ekki síst út frá sálfræðilegu sjónarmiði. Skipulagsyfirvöld fullyrða að rætt hafi verið við fólk sem kannast ekki við að rætt hafi verið við það!

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjal: uppdr. Landslags ehf. dags. 16. september 2020.



DEILISKIPULAGSTILLAGA

GREINARGERÐ
Forsendur
 Samþykkt var í Borgarstjórn Reykjavíkur 4. september 2018 að fela umhverfis- og skipulagsvæði að útfæra Laugaveg og Bankastræti sem göngugötur allt árið, ásamt þeim götum í Kvosini sem koma til greina sem göngugötur. Jafnframt verði sviðinu falid að útfæra endurhönnun umræðra göngusvæða m.t.t. öryggis og vellíðanar gangandi vegfarenda og vandaðrar borgarhönnunar. Aigið hönnun með aðgengi fyrir alla verði höfð að leiðarljósi við útfærslu í samræði við notendur og hagsmunasamtök fatlaðs fólks. Enn fremur verði sviðinu falid að útfæra skilvirka og örugga vörulösu á göngugötum í samræði við verkefnastjóra miðborgar og hagsmunaaðila.

Samþykkt var í skipulags- og samgönguráði að vinna áfram með skipulagsvinnu og forhönnun í þremur áföngum. Deiliskipulag þetta nær yfir Laugaveg frá Klapparstíg og Frakkastíg auk Vatnsstígs og er þetta hluti þeirra gatna sem flokkaðar voru sem annar áfangi í deiliskipulagsýsingu. Fyrsti áfangi deiliskipulags Laugavegar sem göngugata var samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 18. febrúar 2020 og tók gildi með staðfestingu þess í B-deild Stjórnartíðinda 7. apríl 2020.

Afmörkun og núverandi aðstæður
 Laugavegurinn er helsta verslunargata Reykjavíkur frá fornu fari og hefur vegna sögu og starfsemi mikil aðdráttaraff fyrir gesti og gangandi bæði innlenda og erlenda. Mikil líf hefur skapast á Laugaveginum síðustu misseri þar sem takmarkanir á bílaumferð hafa getað gangandi og hjólandi umferð herra undir höfði.

Með umbreytingu og endurhönnun Laugavegar er markmiðið að glæða götuna enn meira lífi með því að veita gangandi og hjólandi vegfarendum aukði rými í götunni frá því sem nú er.

Í dag er lítið samræmi á heildar yfirbragði götunnar og umhverfi hennar. Laugavegurinn ber þess merki að vera unnin af mörgum hönnuðum á mismunandi tímum svo ákveðinn heildarblæ skortir. Með fyrirhuguðum endurbótum á Laugaveginum gefst nú tækifæri til að skapa nýtt heildaryfirbragð götunnar.

Samræmi við aðrar áætlanir
 Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030
 Á þéttbýlisuppdrætti aðalskipulagsins er Laugavegur skilgreindur sem *Aðrar götur*. Á uppdrættinum eru þær skýrðar út með eftirfarandi hætti: Aðrar götur er stofn- og tengibrautir. Hér undir eru safngötur, húsgötur, vistgötur og göngugötur.

Laugavegur er enn fremur skilgreindur sem *Borgargata*, slíkar götur eru lykligöturinn í hverju hverfi. Lögð er áhersla á að bæta umhverfi götunnar, skapa heildstæða götumynd, tryggja skilyrði fyrir fjölbreytta ferðamáta og opin almenningsrými. Skipulag viðkomandi gatna verði mótað frekar í hverfisskipulagi eða skilgreint sem sérstakt skipulagsverkefni. Við hönnun og skipulag gatnanna verði tekið mið af stefnu um gæði í manngerðu umhverfi.

Árið 2018 var lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi og varðar almenn markmið um göngugötur í borginni. Breytingartillagan fól einkum í sér endurbætur á núgildandi markmiðum aðalskipulags, þ.e. skerpingu á almennu markmiðum um göngugötur,

ákvæðnari skilgreiningar og kröfur um hvernig skuli staðið að framkvæmdinni, einkum þegar um varanlega lokun gatna er að ræða. Tillagan bar heitið „Markmið um göngugötur“, og var staðfest í janúar 2019.

Aðliggjandi deiliskipulag
 Í gildi er deiliskipulag fyrir þrjú aðliggjandi svæði sem er breytt svo að ekki verði skörun á skipulagsmörkum á milli skipulagsvæða. Breytingarnar felast í því að mörkum hvers deiliskipulags er breytt á þann hátt að í stað þess að mörkin liggja í miðri götu eru þau færð inn að lóðarmörkum. Deiliskipulag fyrir eftirfarandi svæði er breytt og auglýst samhliða þessu deiliskipulagi:

- Deiliskipulag staðgr. 1.172.0. (Brynjureitir), Reykjavíkurborg, Hverfisgata, Vatnsstígur, Klapparstígur og Laugavegur, dags. 25.03.2003, síðast breytt 02.05.2012. Færa þarf afmörkun deiliskipulagsins úr götunni í lóðarmörk við Laugaveg, Vatnsstíg, Hverfisgötu og Klapparstíg.
- Deiliskipulag staðgr. 1.172.1. Frakkastígur. Dags. 23.05.2003, síðast breytt 02.04.2020. Færa þarf afmörkun deiliskipulagsins úr götunni í lóðarmörk við Laugaveg, Vatnsstíg, Hverfisgötu og Klapparstíg.
- Deiliskipulag staðgr. 1.172.2. Laugavegur, Frakkastígur, Grettisgata og Klapparstígur. Dags 25.03.2003, síðast breytt 12.05.2016. Færa þarf afmörkun deiliskipulagsins úr götunni í lóðarmörk við Laugaveg, Frakkastíg og Klapparstíg.

Minjar
 Í dag er skipulagsvæðið allt með föstu yfirborði og því engar minjar sjanlegar á svæðinu.

Minnt er á 23. gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012, Fornleifar í hættu, og 24. gr. sömu laga en þar kemur m.a. fram að tilkynna skal til Minjastofnunar ef áður ókunnar minjar finnast. Öheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar.

Samráð
 Viðtækt samráðsferli hefur þegar átt sér stað við hagsmunaaðila, enda mættast hagsmunir margra við Laugaveg og því hefur verið leitað eftir að fá hugmyndir og gefa hagsmunaaðilum tækifæri til að koma með ábendingar og hugmyndir að því hvernig best sé að standa að fyrirhuguðum varanlegum breytingum. Nú þegar hefur verið rætt við samtök kaupmanna (miðborgin okkar og Miðbajarfélagið) og Öryrkjabandalagið (ÖB) og mun sú vinna halda áfram í gegnum allt hönnunarferlið.

Dagana 28. janúar til 3. febrúar 2019 var efnt til opinis samráðs um göngugötur í Ráðhúsi Reykjavíkur. Gestum og hagsmunaaðilum gafst tækifæri að skoða útfærslur, teikningar og ræða við sérfræðinga um málið. Á samráðið mættu um það bil 200 manns en vettvangurinn var opin frá kl. 12-18 daglega en 28. janúar var sérstakur fundur fyrir rekstraráðila og 30. janúar var haldinn fundur fyrir íbúa, ferðabjónustuaðila og fatlaða.

Eftirfarandi eru samráðs- og umsnagnaraðilar: Skipulagsstofnun, Samtökin Miðborgin Okkar, Miðbajarfélagið, Minjastofnun Íslands, Borgarsögusafn Reykjavíkur, OR/Veitur, Öryrkjabandalagið, Lóðareigendur, Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins og Lögreglan.

DEILISKIPULAG
 Deiliskipulagið felur í sér að hluti Laugavegar og Vatnsstígs verða gerðir að varanlegum

göngugötum. Samhliða er unnið að hönnun ýmissa lausna til að bæta götuna og umhverfið. Má þar nefna aðgangsstyrkingar, kantalaust yfirborð, bætt aðgengi, leiðarlínur og aðgengi inn í verslanir, dvalarsvæði og götugögn, lýsing og fjölgun bílastæða fyrir hreyfihlaða í aðliggjandi hliðargötum.

Gert er ráð fyrir að endurnýja allt yfirborð, hellur (götugöfl), gróður, götugögn og götulynging, um er að ræða allt göturými innan skipulagsmarka, utan gildandi lóðarmark, þ.m.t. gangstéttar.

Við hönnun göturymisins skal það haft í huga að niðurröðun trjáa, ljóðastólpa og götugagna hindri ekki gott flæði gangandi umferðar, umferðar vegna neyðarsturs og aðfanga og stóra hópa sem fara um göturymið t.d. í stórum höpögögum. Hönnun göngugötunnar verður listræn og notendavæn. Allt yfirborð og götugögn skulu valin af kostgæfni og þannig að göturymið sómi sér vel sem göngusvæði í miðborg. Lýsing skal vera þægileg, listræn, stuðla að öryggisstillingu og vera án glýju eða til óþæginda á efri hágöllum bygginga. Götugöfl skal mynda heilisteypt og rólegt yfirborð fyrir bætt aðgengi allra.

Aðgengi og bílastæði
 Með lokun fyrir bíla og önnur farartæki innan skipulagsvæðisins verður bílaumferð áfram eins og verið hefur með sumarlokunum um aðliggjandi götur. Hægt verður að aka þvert yfir Laugaveg til norðurs um Klapparstíg og til suðurs um Frakkastíg.

Við göngugötunarnar eru bílahúsin Bergstaðir, Traðarkt og Vittar og innan við 350 metra radius, alls 551 stæði. Einnig eru bílahúsin Kolaport, Hafnartorg og Stjórnurport í innan við 550 metra radius, í dag alls 657 stæði en Hafnartorg mun stækka í 1160 stæði og verður

þá heildarfjöldinn 1517 stæði. Innan deiliskipulagsvæðisins eru 21 bílastæði í götu í dag. Á sex stöðum er aðkoma að einkastæðum inni á lóð, sjá uppdrátt.

Kvöð er um aðgengi að einkastæðum við Laugaveg nr. 25, 29, 35, 37 og 38 og Vatnsstíg nr. 3 og 4.

Sýnt hefur verið fram á að með þessari breytingu má skapa betra verslunarmhverfi og koma til móts við nýjar áskoranir í verslun þar sem upplifun og þjónusta er stór þáttur. Með breytingunum einkastæðum og götugögn gangandi vegfarenda til muna, umhverfið bíður upp á bætt hljóðvist og betri loftgæði, upplifun gangandi vegfarenda eykst og aðgengi fyrir alla verður stórléga beturbætt.

Göngugata
 Skipulagsvæðið er skilgreint sem göngugata ætíð fyrir gangandi vegfarendur og merkt sem slík. Aðkoma eigandi einkastæða á baklötum verður tryggð.

Hljóðvist
 Ekki er gert ráð fyrir sérstökum hljóðvistaragerðum í almenningsrímu enda mun hljóðvist batna með lokun fyrir almenna bílaumferð.

Lausnir fyrir hæðarmismun
 Viða eru inngangar í verslunarymi á jörðað ekki í hæð við götugöfl. Við hönnun göngugötunnar verður þar sem aðstæður leyfa leitast við að leysa þann hæðarmun þannig að það verði eðlilegur hluti að heildarlösu götulyfirborðsins, t.d. með rómum, setköntum og gróðurstilltum.

Gróður
 Í göngugötunni verði komið fyrir götutrjáum á völdum stöðum. Við niðurröðun trjáa skal haft í huga að þau trufli ekki gott flæði um

almenningsrímið, hvort heldur sem er á venjulegum degi eða þegar viðburðir leiða fjölmenni um götuna, svo sem höpögöngur. Götutrjá geta verið hluti af blágrænum ofanvatnslausnum götunnar og jafnvel gróðursett í regnböð með undirgróðri. Við tegundaval skal horft til þeirra trjategunda sem reynst hafa vel og sannað sig sem krónutré í almenningsrími. Ekki skal binda tegundaval við eina tegund t.d. vegna hættu á aföllum vegna plöntusjúkdóma eða náttúrulegra skaðvalda. Einnig skal stuðla að árstíðabundnum fjölbreytilega í lit- og laufskrúði. Niðurröðun trjáa á skipulagsuppdrætti er leiðbeinandi og því ekki bindandi.

Blágrænar ofanvatnslausnir
 Blágrænar ofanvatnslausnir í göturyminu miðast við að létta álag á fráveitkerfi og skila ofanvatni niður í jarðvegslög og nýttast t.d. trjám og gróðri. Gatan hefur á þessum kafla vægan lengdarhalta til vesturs og liggur því vel við að brotlina í þversniði götunnar myndi vatnsrennu sem getur verið gegndræp en skili yfirborðsvatni reglulega í regnböð við götutrú. Við hæðarsetningu yfirborðs skal það haft í huga að yfirborðsvatn geti við ófyrirséðar flóðaáðstæður átt leið niður hliðargötum og áfram niður Laugaveg.

áfangastaður borga sem flestir heimsekja til þess að dvelja á og eykur það mannlfíðan söláhringinn og bætir upplifun. Göngugötur efla samskipti og auka lífsgæði borgarbúa en reynslan hefur sýnt að íbúar borga vilja göngugötu í miðborgum og að verslun hefur aukist við göngusvæðinguna.

Endurnýjun yfirborðs, hellur eða götugöfl, götutrú, götugögn og götulynging er talin hafa jákvæð áhrif á umhverfið og ásynd þess því heildaryfirbragð svæðisins styrkist og götunnar verða meira aðlaðandi. Þegar ákursturleiðir eru fjárlægðar eykst rými gangandi til muna á götunni auk þess sem mögulegt er að bæta aðgengi inn í hús þar sem það á við.

Talið er að öryggi vegfarenda sem um svæðið fara mun aukast til muna við það að akandi umferð færast að götunum. Af sömu ástæðu er talið að loftgæði muni batna mikið á götunum auk þess sem hljóðvist verður mun betri en fyrir er.

Helstu neikvæð umhverfisáhrif þess að breyta götunum í göngugötur eru mögulega að aðgengi að verslun og þjónustu leitast frá bíl verður verra þar sem aðeins lengra verður í bílastæði en nú er. Þó eru fá bílastæði við götunnar fyrir og bílastæðabúas eru að hámarki 350 m frá verslun og þjónustu.

Þá eru neikvæð umhverfisáhrif á framkvæmdatíma vegna þess rasks og ónáðs sem þá verður. Við framkvæmdir og uppbyggingu á svæðinu er hætt á svifryksmengun og uppblástri þar sem jarðvegur er óvarinn. Gripa þarf til viðeigandi mótvægisáðgerða á byggingartíma til að koma í veg fyrir svifryksmengun frá framkvæmdasvæðum.

Ekki er talið að þessi neikvæðu umhverfisáhrif séu veruleg og eru jákvæð áhrif mun meiri eins

og komið hefur fram hér að ofan. Ekki er talið að uppbygging skv. deiliskipulagi hafi veruleg neikvæð umhverfisáhrif og frekar er talið að fyrirhuguðu uppbygging og aðgerðir hafi jákvæð umhverfisáhrif fyrir íbúa, atvinnustarfsemi og þá sem sækja miðborg Reykjavíkur heim.

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr skipulagslaga nr 123/2010 var samþykkt í _____ þann _____ 2020 og í _____ þann _____ 2020

Tillagan var auglýst frá _____ 2020 með athugasemdafresti til _____ 2020.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2020.

REYKJAVÍK-LAUGAVEGUR SEM GÖNGUGATA 2. ÁFANGI

DEILISKIPULAG - TILLAGA

KVARDI-A1: 1:500	TEIKN NR:
DAGS: 21.09.2020	HANNAD: ÞR/ÓI
FLOKKUR: 0000-REYKIA	TEIKNAD: HN/ÓI
SKRÁ: 20104-GM.DWG	VERKNR: 20104

LANDSLAG

LAUGAVEGUR GÖNGUGATA, 2 ÁFANGI

Myndir frá göngugötustemningu á Laugaveginum. Ljósmyndir Juliette Rowland



HLUTI GILDANDI AÐALSKIPULAGS 2010-2030

